

Breiðfirðingur 2024

Til : mm@husa.is <mm@husa.is>
Frá : Kristjón Sigurðsson <ks@rafal.is>
Heiti : Breiðfirðingur 2024
Málsnúmer : 2402016
Málsaðili : Breiðfirðingafélagið
Skráð dags : 16.02.2024 15:49:46
Höfundur : Kristjón Sigurðsson <ks@rafal.is>

Kæri viðtakandi.

Erindið er enn sem fyrr, að biðja þig um auglýsingu og /eða styrktarlínu í næsta tölublað Breiðfirðings sem kemur út í maí.

Undanfarin ár hefur þú lagt okkur lið sem við þökkum þér kærlega fyrir.

Tímarit Breiðfirðingafélagsins, Breiðfirðingur, 72. árgangur kemur út í maí n.k. Heftið er um 150 bls. Frá 2015 hefur Breiðfirðingur komið út fyrsta sunnudag í maí mánuði og er dreift í áskrift vött og breytt m.a. um byggðir Breiðafjarðar og fæst auk þess í lausasölu hér og hvar.

Fyrsta hefti Breiðfirðings kom út árið 1942 og árið 2002 kom út 60. árgangur ritsins. Frá þeim tíma varð þrisvar sinnum brestur á útgáfunni sem samtals nemur tíu árum. Þess vegna er ritið í ár sjötugasti og annar árgangur en ekki sá áttugasti og annar.

Núverandi ritstjóri frá 2020 er Pétur Ástvaldsson, Haukur Már Haraldsson hefur frá 2015 séð um útlit, umbrot og ljósmyndir. Aðrir í ritnefnd tímaritsins eru Haraldur Finnsson, Sigríður H Jörundsdóttir auk undirritaðs.

Hér er um að ræða vandað hefti með áhugaverðu efni og vert að geta þess að fyrstu 67 heftin eru öllum aðgengileg á timarit.is.

Enn eru öll heftin frá upphafi fánleg hjá Stjórn Breiðfirðingafélagsins.

Sveitarfélögin umhverfis Breiðafjörð ásamt fjölda auglýsenda hafa verið að styrkja okkur um kr. 50.000 fyrir lógóið eitt og sér.

Lógó og hálf síðu auglýsing kostar kr. 50.000. Heilsíða að eigin vali kostar kr. 100.000 til kr. 150.000

Styrktarlína ein og sér kr. 18.000

Ef þú ert jákvæð (ur) máttu gjarnan senda mér staðfestingu og lógóið ykkar ásamt þeim texta sem þú velur með lógóinu.

F.h. Breiðfirðings
Kristjón Sigurðsson